



Dreifibréf til lóðarhafa
Álfhólsvegi 6-10a,
Skólatröð 1-11,
Vallatröð 2-12
200 Kópavogur

Kópavogi, 25. júlí 2023.
2208241/510.03 GG

Leikskóli við Skólatröð. Deiliskipulag. Upplýsingar um lok máls.

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs þann 19. desember 2022 var lögð fram tillaga Ask arkitekta f.h. umhverfissviðs Kópavogsbæjar að deiliskipulagi nýs leikskóla við Skólatröð. Tillagan var dags. 13. desember 2022.

Á lóðinni var áður tveggja deilda leikskóli. Skipulagssvæði deiliskipulagsins afmarkast af lóðarmörkum við aðliggjandi raðhúsabyggð til norðurs, vesturs og austurs og bæjarlandi til suðurs. Aðkoma að lóðinni verður úr suðri eftir botnlanga frá Skólatröð. Í tillögunni er gert ráð fyrir að á lóðinni verði byggður þriggja deilda leikskóli á einni hæð, samtals um 650 m² að flatarmáli. Hámarkshæð byggingarreits er 5,5 m. Leiksvæði verður tvískipt eftir aldri. Áætlað nýtingarhlutfall á lóðinni verður 0,33. Gert er ráð fyrir að bílastæði verði áfram samnýtt með Kópavogsskóla.

Skipulagsráð samþykkti með tilvísun í 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að tillagan yrði auglýst. Á fundi bæjarstjórnar þann 10. janúar 2023 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.

Tillagan var auglýst í Fréttablaðinu þann 2. mars 2023, Lögbirtingablaðinu þann 6. mars 2023 og á vefsíðu Kópavogsbæjar ásamt því voru tilkynningar sendar til lóðarhafa í nágrenninu. Athugasemdir og ábendingar bárust á kynningartíma sem lauk 19. apríl 2023. Uppfærð tillaga dags. 13. desember 2022 og breytt 1. júní 2023 var lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsdeildar um framkomnar athugasemdir á fundi skipulagsráðs þann 5. júní 2023.

Skipulagsráð samþykkti framlagða tillögu með áorðnum breytingum og vísaði til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Á fundi bæjarstjórnar 13. júní 2023 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.

Tillagan ásamt umsögn skipulagsdeildar var sent til Skipulagsstofnunar í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Stofnunin fór yfir framlögð gögn og gerði ekki athugasemd við að sveitarstjórn birit auglýsingu um samþykkt/gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið tekur gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og telst þá málinu lokið.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Nánari upplýsingar um feril málsins, umsögn um innsendar athugasemdir á kynningartíma og uppfærð deiliskipulagsgögn er að finna á vefsíðu Kópavogsbæjar:
<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>

Vakin er athygli á málskotsrétti samanber 10. kafla skipulaðslaga nr. 123/2010 og lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á.

Kærufrestur er einn mánuður frá því að málið er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsfulltrúa

A blue ink signature of Guðmundur Gunnarsson's name, written in a cursive script, positioned above a horizontal line.

Guðmundur Gunnarsson
Ritari skipulagsdeildar